



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 23. september 2016
UST201609-053/S.I.
10.05.05

Efni: Aukin nýting afkastagetu orkuvers í Grindavík; ósk um frekari upplýsingar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 5. september s.l. þar sem tilkynnt er aukin afkastageta orkuvers í Grindavík. Umhverfisstofnun telur að upplýsingum sé nokkuð ábótavant í matsskyldufyrirspurn þessari og óskar eftir að úr verði bætt.

Upplýsingar í matsskyldufyrirspurninni

Aðeins í kafla 5.1 er tekið beint á þáttum sem snerta umhverfisáhrif af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru og umfjöllun í kafla 5.2 er einnig viðeigandi sem ítarefni. Í kafla 3 kemur fram að CRI notar í sína framleiðslu CO₂ frá orkuverinu en ekki kemur fram hversu mikinn hluta CRI nær að nýta af því CO₂ sem til fellur. Spyrja má einnig að því hvort að dökkgrænu svæðin á myndinni neðst á bls. 4 sýni dauðan mosa en það er ekki tekið fram. Annað finnst ekki hér um ástand umhverfismála, mótvægisáðgerðir og horfur á breytingum eftir stækkun. Hins vegar er nokkur umfjöllun í fyrirspurninni um hvaða árangurs er að vænta í orkuöflun.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að á korti nr. 1 sem fylgir fyrirspurninni má sjá að iðnaðarsvæði teygir sig yfir á svæði á náttúruminjaskrá. Rétt er að setja fyrirvara um þetta. Æskilegast væri að komist yrði hjá slíkum árekstrum og mörk svæða séu skýrt afmörkuð þegar mismunandi landnotkun fer ekki saman. Mikilvægt er að halda raski í lágmarki á svæðum á náttúruminjaskrá og sérstaklega á þetta við í þessu tilfelli þar sem svæðið er á eldhrauni en slík svæði njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Reynsla af rekstri orkuversins og umhverfisvöktun

Orkuverið í Svartsengi hefur verið rekið um langt árabil og ætla má að umhverfisáhrif þess ættu að vera orðin nokkuð þekkt. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að við mat á aukningu afkastagetu virkjunarinnar sé staldrað við og tekið saman yfirlit yfir þessi áhrif. Gera þyrfti grein fyrir umhverfisvöktun sem farið hefur fram til þessa. Eitthvað liggur fyrir um slíkt. Umhverfisstofnun er t.d. kunnugt um að H₂S mælingar fara fram á vegum HS Orku í Grindavík. Einnig telur Umhverfisstofnun að það ætti að meta mögulegar gróðurskemmdir, t.d. í mosa. Þá liggja væntanlega fyrir einhverjar mælingar á styrk þungmálma. Auk yfirferðar á umhverfisvöktun sem farið hefur fram til þessa væri eðlilegt að meta hvort tilkynnt breyting sem og almenn sjónarmið kalla á breytingar á umhverfisvöktuninni í framtíðinni.

Mat á losun og umhverfisálagi - mótvægisáðgerðir

Til staðar ætti að vera upplýsingar eða mat á þeirri losun sem fram hefur farið. Meta þarf hver losun orkuversins er núna á ári. Stærstu þættir losunar eru líklega H₂S og CO₂. Auk yfirferðar á losun H₂S og CO₂ væri rétt að auki að fara yfir hvort um umtalsverða þungmálmalosun og jafnvel varmalosun gæti verið að ræða frá orkuverinu. Þá þyrfti að mati stofnunarinnar að athuga hvort framkvæmd þeirri sem lýst er, um aukna afkastagetu, fylgi aukning á umhverfisálagi. Að lokum væri upplýsandi að gefa yfirlit yfir núverandi og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.

Niðurstaða

Það er mat Umhverfisstofnunar að upplýsingar í matsskyldufyrirspurn þessari séu ekki nægjanlegar. Til að fá góða mynd af málinu þyrfti að fara ítarlega yfir núverandi stöðu losunar og skoða nánar hvernig til hefur tekist og hvert stefnir í þeim efnum. Stofnunin óskar eftir frekari upplýsingum, mati á ástandi umhverfis eftir rekstur orkuversins í áratugi og hvort framkvæmdin er líkleg til að bæta umtalsvert við losun og auka umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri



Sigurður Ingason
Sérfræðingur

